



Einar Björnsson Framkvæmdastjóri Kótelettunar, Guðjón Guðnason verslunarstjóri Bílanaust Selfossi, Sigurður Þór Ástráðsson stöðvastjóri Frumherja Selfossi og Atli Marel Vokes Formaður Knattspyrnudeildar UMF Selfoss.

Kótelettan stækkar og fagnar 15 ára afmæli

Kótelettan Music Festival heldur upp á 15 ára afmæli sitt helgina 11.-12. júlí nk. með glæsilegri tónlistarveislu að venju þar sem yfir 30 íslenskir tónlistarflytjendur stíga á stokk og halda gleðinni á lofti fram á nótt, heiðursgestur hátíðarinnar í ár er enginn annar en okkar ástsæli Björgvin Halldórsson. „Líkt og undanfarin ár hafa undirtektir verið vonum framar og stefnir allt í stórskemmtilega afmælishátíð,“ segir Einar Björnsson, stofnandi og framkvæmdarstjóri hátíðarinnar.

Stærri hátíðarsvæði

„Í tilefni tímamótanna verður hátíðarsvæðið stækkað verulega því markmiðið er að skapa enn

betri upplifun fyrir gesti með betri aðstöðu og meira plássi,“ segir Karen Lind Einarsdóttir, viðburðarstjóri Kótelettunar. Þessi framkvæmd er gerð í góðu samstarfi við nágranna okkar í Frumherja og Bílanaust og erum við þeim afar þakklát fyrir þeirra aðkomu að hátíðinni. Líkt og öðrum fyrirtækjum hér á svæðinu. Skipuleggjendur leggja þó áherslu á að ekki verður bætt við aðgöngumiðum – markmiðið er aukin þægindi, ekki fjölgun gesta.

Glæsilegt matartorg

Í fyrsta sinn verður Matartorgið hluti af hátíðarsvæðinu. Auk matarvagna ætlar knattspyrnudeild UMF Selfoss að

taka þátt í gleðinni og vera með stórt matartjald á torginu. „Við erum ákaflega spennt fyrir verkefninu og við stefnum á að þetta verði ein af okkar stærstu fjárfslunum í framtíðinni og vonumst við til þess að gestir hátíðarinnar verði solgnir í þær veitingar sem við munum bjóða upp á,“ segir Atli Marel Vokes formaður deildarinnar. Á matartorginu verða einnig borð og bekkir þar sem gestir geta sest niður, borðað og hvílt lúna dansfætur.

Hátíðarhaldarar hvetja alla til að leggja leið sína á Selfoss og njóta afmælisins – þar sem gleðin verður í loftinu og eitt-hvað fyrir alla.

ÁR-67 gefinn Byggðasafni Árnesinga

Fornbíllinn ÁR-67 var afhentur Byggðasafni Árnesinga til varðveislu laugardaginn 22. júní sl. á Jónsmessuhátíð Eyrarbakka. Bíllinn sem er oftast nefndur „Gistihúsbíllinn“ eða „Gunnarshúsbíllinn“ er Ford B-módel, árgerð 1930, vörubíll með farþega-boddii.

Hann var upphaflega í eigu bræðranna Kristins, Gunnars og Guðmundar Gunnarssona í Gunnarshúsi, sem einnig var nefnt Gistihúsið á Eyrarbakka. Guðmundur var skráður fyrir bílnum en Gunnar keyrði hann alla tíð. Bifreiðin var notuð við margs konar verkefni eins og malarflutninga við vegagerð, vöruflutninga og farþegaflutninga. Strax árið 1930 var smíðað farþega-boddii fyrir 12 farþega á bilinn. Á bílnum var farið á Alþingishátíðina á Þingvöllum árið 1930 með fullfermi af Eyrbekkingum. Á árum heimsstyrjaldarinnar síðari var hann í farþegaflutningum milli Eyrarbakka og Kaldaðarness en margir Eyrbekkingar voru í vinnu hjá breska hernum. Bíllinn var þá einnig notaður í malarflutningum við flugvallargerð í Kaldaðarnesi. Árið 1975 keyptu Erlingur Ævarr Jóns-

son útgerðarmaður og Guðbjörn Frimannsson mjólkurbílstjóri bílinn sem þá var illa farinn eftir langa notkun. Hann var gerður upp af Guðbirni og fór uppgerður á götuna árið 1978.

Gefendur bílsins eru Sigríður Dagný Ólafsdóttir ekkja Erlings Ævarrs og börn Guðbjörns þau Sigurður Óli og María.

Bíllinn verður varðveittur í Búðarstíg 22, varðveisluhúsi Byggðasafns Árnesinga. Honum verður ekið á sýningar þegar þess er óskað og jafnframt má búast við að á tyllidögum á Eyrarbakka verði honum ekið um götur þorpsins.

Meðfylgjandi eru myndir frá afhendingunni en Lýður Pálsson safnstjóri tók við lykllum bílsins úr hendi Sigurðar Óla Guðbjörns-sonar að viðstöddum Maríu systur Sigurðar Óla og ekkju Erlings Ævarrs, Sigríði Dagný Ólafsdóttur. Sigurður E. Steinsson, dóttursonur Guðbjörns, flutti ávarp fyrir hönd gefenda og Lýður Pálsson safnstjóri þakkaði fyrir gjöfina með stuttri tölu.

Byggðasafn Árnesinga þakkar fyrir höfðinglega gjöf.



Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

Viltu vinna með okkur í snjómokstri á Hellsheiði næsta vetur?

Leitum að meiraprófsbílstjórum sem
búa á Selfossi eða nágrenni.

Hafðu samband við Óskatak ehf
netfang oskatak@oskatak.is eða s: 662-8020.

Óskatæk ehf



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastæðunum.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



**SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER**



Ferðanefnd FEBSEL býður upp á ferð í Rangárvallasýslu miðvikudaginn 16. júlí 2025

Lagt verður af stað frá Grænumörk kl. 9:45.
Leiðsögumaður verður Jónas Jónsson
bóndi í Kálfholti.

Litast verður um í Ásahreppi og Þykkvabæ og á heimleiðinni komið við á vinnustofu Sillu á Hárlaugsstöðum. Hádegisverð munum við snæða á Stracta Hótelu á Helli.

Verð pr. mann er kr. 12.000.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega við það.

Nefndin vill minna á að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð. Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þátttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5. Einnig er hægt að skrá sig á Facebook-síðu FebSel.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síðasta lagi 9. júlí.
Hlökkum til fararinnar.

Helgi s. 860 7032
Ingibjörg s. 864 2972
Viðdís s. 893 6564

Skapandi sumar í Listasafni Árneseinga

Ísumar verður sannkallað skapandi stuð í Listasafni Árnesinga þar sem boðið verður upp á fjölbreytt úrval námskeiða og smíðja fyrir börn og unglinga.

Silkiprykksmiðja sem haldin var 7. júní vakti mikla lukku þar sem þátttakendur fengu tækifæri til að prenta ýmis myndefni á boli og annan fatnað. Vegna mikillar eftirspurnar verður boðið upp á aðra slíka smíðu síðar á árinu. Í maí fór einnig fram keramiksmíða á einum af þessum einstöku góðviðrisdögum. Þar gátu þátttakendur setið úti við safnið og mótað ýmislegt úr leir, leidd áfram af hugmyndafluginu einu saman. Í júlí snýr svo hin sívinsæla flugdrekasmiðja aftur með listgreinakennaranum Arite Fricke, og í ágúst verður haldin ævin-
týraleg teiknismiðja. Þar að auki verða fleiri spennandi smíðjur á dagskrá síðar í haust og þær auglýstar á listasafnaminga.is og Facebook-síðu safnsins.

Listasafnið er einnig í góðu samstarfi við frístundaheimilið Bungubrekku í Hveragerði, sem

stendur að tveimur teikninám-skeiðum – annað í júní og hitt í ágúst og fer fram á listasafninu. Dagana 7.–11. júlí býður safnið upp á myndlistarnámskeið fyrir unglinga á aldrinum 12–16 ára. Þar fá þátttakendur tækifæri til að prófa fjölbreytt listform og aðferðir undir leiðsögn fag-lærðra listamanna. Námskeiðið sameinar skemmtilega tilrauna-vinnu, skapandi hugsun og tæknilega færni. Meðal aðferða sem verða kynntar eru m.a. ljósmyndagel-þrykk, þurrnál á tetrapak (prenttækni), marbling (fljótandi litir á vatni), ýmsar æfingar í teikningu, blandaðir miðlar og textiltækni.

Markmiðið er að styðja við ungt listafólk í að finna og þróa sinn eigin stíl, efla sjálfstraust og fá innblástur í listsköpun sinni. Námskeiðið hentar jafnt byrjendum sem reyndari þátttakendum og er opið öllum, óháð búsetu rétt eins og öll námskeið, smíðjur og viðburðir sem safnið býður upp á. Safnið leggur metnað í að bjóða upp á fjölbreytta og aðgengilega



fræðslu og telur mikilvægt að efla tómtundaflóruna á svæðinu, svo allir geti notið sín á eigin forsendum.

Leiðbeinendur á nám-skeiðinu verða Martyna Hopsa, textillistakona frá Póllandi og starfsmaður safnsins, og Alda Rose Cartwright, myndlistar-maður og verkefnastjóri fræðslu hjá safninu. Gjaldið fyrir sumar-námskeiðið er 20.000 kr. Allur efniviður innifallinn.

Takmarkað pláss!

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á: fraedsla@listasafnarnesinga.is. Opið er á Listasafni Árnesinga alla daga frá kl. 12-17.

Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.



Búrfellsstöð er fyrsta aflstöðin sem Landsvirkjun reisti frá grunni og hóf að vinna rafmagn árið 1969. Hún er næststærsta virkjun Landsvirkjunar með 270 MW uppsett afl. Orkuvinnslugeta stöðvarinnar er 1.885 gígavattstundir á ári. Á framhlið stöðvarhússins er lágmynd eftir Sigurjón Ólafsson.



Leiðandi afl í 60 ár

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 og hefur alla tíð rutt braut framfara og uppbyggingar með eigendum sínum, íslensku þjóðinni. Saman höfum við byggt betri heim í sátt við dýrmætustu auðlind okkar, náttúru Íslands.

Landsvirkjun er orkufyrirtæki allra Íslendinga – takk fyrir stuðninginn!



Ferðapjónustuáttak í uppsveitum Suðurlands

Vinnustaðaeftirlit Alþýðusambands Íslands stóð fyrir áttaki í ferðapjónustu dagana 23.-25. júní og fór það fram á Geysi, Þingvöllum og Gullfossi. Að áttakinu komu einnig lögreglan á Suðurlandi ásamt Vinnueftirlitinu og Skattinum og beindist það aðallega að ferðapjónustufyrirtækjum.

Markmið áttaksins var að skoða hvort ferðapjónustufyrirtæki hefðu öll tilskilin leyfi og hvort lögum og reglum væri fylgt. Þá voru kaup og kjör leiðsögufólks, ökuleiðsögumanna og hópbílstjóra skoðuð og kannað hvort laun væru greidd eftir kjarasamningi. Áttakið leiddi í ljós allnokkur tilvik þar sem ekki var farið að lögum og kjarasamningar ekki virtir.

Þó nokkur erlend fyrirtæki á svæðinu voru án tilskilinnna leyfa og þá þurftu nokkrir bílstjórar að gera ráðstafanir til að flytja farþega sína með öðrum

hætti þar sem þeir höfðu ekki þar til bær réttindi til farþegaflutninga. Rætt var við nokkurn fjölda verktaka á svæðinu sem með réttu ættu að vera fastráðið starfsfólk fyrirtækja en hafði verið ýtt út í verktöku að frumkvæði atvinnurekanda. Með slíkum ráðstöfunum ná fyrirtæki að lækka launakostnað hjá sér en svíkja um leið starfsfólk sitt um kjarasamningsbundin réttindi þess. Í einhverjum tilfellum voru verktakar þessir merktir fyrirtækjunum og á bílum á þeirra vegum. Slík gerviverktaka er litin mjög alvarlegum augum. Þá voru dæmi um að fyrirtæki væru að gera svokallaða 0% samninga við starfsfólk en í slíkum tilfellum ræður fyrirtækið starfskraft inn í vinnu í engu starfshlutfalli og skal hann taka allar þær ferðir sem hann er skráður á. Ef mánuður kemur þar sem engar ferðir eru farnar fær hann ekkert greitt.

Ljóst er að víða er pottur brotinn í ferðapjónustunni og ekki vanþörf á að herða eftirlit með greininni. Fleiri áttaksverkefni eru fyrirhuguð á næstunni og hvetjum við leiðsögufólk og aðra til að senda okkur ábendingar á vef VR í gegnum ábendingahnapp Vinnustaðaeftirlitsins.

Þá bendum við leiðsögufólki á vef VR en þar er að finna greinargóðar upplýsingar um réttindi leiðsögufólks, ýmis kjarasamningsbundin ákvæði og verktakavinnu. VR stóð fyrir fyrirlestri með sérfræðingum frá Skattinum á dögnum og má nálgast glærurnar á vef VR.

*Kolbrún Júlía Erlendsdóttir,
formaður deildar VR á
Suðurlandi.
Halldór Kolbeins,
formaður deildar leiðsögufólks í VR.*



Sigrún Hreiðarsdóttir ráðinn skólastjóri Kerhólsskóla

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 4. júní síðastliðinn var samþykkt samhljóða að ráða Sigrúnu Hreiðarsdóttur sem skólastjóra Kerhólsskóla frá og með 1. júlí 2025.

Sigrún hefur starfað sem kennari um árabíl og síðastliðin tvö ár verið hluti af stjórnunarteymi Kerhólsskóla, sem er samrekin leik- og grunnskóli. Hún lauk BS-prófi í íþróttifræði frá Kennaraháskóla Íslands og

MS-prófi á heilbrigðisvísindasviði. Að auki hefur hún sótt fjölmörg starfstengd námskeið, lokið viðbótardiplóma í starfsendurhæfingu og grunnnámi í markþjálfun.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis- og þriðjudegi.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiða. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Yfir sig hún fleygði fík,
flugu henni konan rík,
upp hann seldi eins og svín,
átti folald Blesa mín.

Svar við gátu í blaði 2808: **BARÐ**
1. Roðabard
3. (B)arð

Visnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Sunnlenski matgæðingurinn

Vegan rótsellerí „skinka“

Birgir Guðmundsson er matgæðingur vikunnar.

Ég þakka vísindafélaga mínum Grétari fyrir áskorunina. Honum er margt til lista lagt. Hann býr til eigin kol, járn úr rauðmýra og elur upp rækjur. Ég er ekki jafn hugmyndaríkur. Því miður elda ég of lítið svo ég hefði getað skrifað „taka upp símann og hringja í Wolt“ en það er kannski hálflelegt. Það var ansi hugmyndarík uppskrift frá Grétari seinast sem er erfitt að jafna. Ég bý í Svíþjóð og fékk mjög góðan rétt frá koll-ega seinustu jól sem ég býð upp á. Ég elda ekki grjót heldur rót.

Uppskrift

2 skalottlaukar
2 dl matvín
6 timjan-kvistar
1 dl ólívuóla
Ca. 800 gr. sellerí rót
½ tsk salt
Grillblanda
½ handfylli persilja
¾ dl brauðmolar
2 msk. sinnep

Setjið ofninn á 200° C. Finhakkið laukinn og eldið saman með timjan-kvistunum og víninu. Eldið þar til helmingur af víninu hefur gufað upp. Hrærið saman með ólívuólinni og saltinu. Skerið ferhyrningslaga rákir í sellerírótina. Bakið sellerírótina í ofninum í ca 1 tíma. Hellið yfir laukblandinu í 1 tíma í viðbót. Ausið olíunni yfir rótina af og til í ofninum. Hækkið svo ofninn í 225° C. Blandið saman persiljunni og brauðmolunum. Penslið sinnepi yfir rótina og stráðið yfir persilju- og brauðblöndunni. Eldið rótina í 10 mínútur í viðbót. Valfrítt meðlæti.

Ég skora á vin minn Bjarna Kristin Gunnarsson heila-heilara næst. Hann er öllu vanur þegar kemur að hugsunum fólks og ætti að getað frætt okkur um hugnærandi matreiðslu. Vonandi ekkert sem inniheldur alvöru heila.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Minningarhátíð um Steingrím Hermannsson

Á fimmtudagskvöld 3. júlí klukkan 20.00 verður minningarhátíð við Gestastofuna á Hakinu á Þingvöllum um Steingrím Hermannsson, fyrrum formann Framsóknarflokksins og forsætisráðherra. Hátíðin verður alfarið við Gestastofuna (ekki gengið á Lögberg eða að Þingvallakirkju). Guðni Ágústsson stýrir samkomunni. Guðmundur Steingrímsson minnst föður síns. Lilja Dögg Alfreðsdóttir varaformaður Framsóknarflokksins minnst formannsins og forsætisráðherrans. Jóhannes Kristjánsson skemmtikraftur hermíra eftir og fer með gamanmál. Karla-kórinn Fóstbræður syngja. Þetta verður Þjóðhátíð. Allir eru velkomnir.

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

20-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

20-30% GRILL OG PIZZAOFNAR 25% GRILLFYLGIRHLUTIR
20% COZZE ÚTIELDHÚS 25-50% HITARAR OG ELDSTÆÐI
25% SLÁTTUVÉLAR OG SLÁTTUORF
25-30% RAFMAGNSGARÐVERKFÆRI 25-30% REIÐHJÓL
25% REIÐHJÓLAFYLGIRHLUTIR 20-50% GARÐHÚSGÖGN
30% BLÓMAPOTTAR 30% SUMARLEIKFÖNG OG
TRAMPÓLÍN 20-30% ÚTILEGUVÖRUR 30% SUMARBLÓM,
TRÉ OG RUNNAR 20-30% TIMBURGARÐVÖRUR
30-50% VALIÐ HARÐPARKET, FLÍSAR OG MOTTUR
25-50% VALDAR GROHE VÖRUR 50% VALIN INNI- OG
ÚTILJÓS 25% HANDVERKFÆRI
25% HÁPRÝSTIDÆLUR 20-25% RAFMAGNSVERKFÆRI
20% SNICKERS VINNUFÖT 20% TRANEMO VINNUFÖT
20% BLÁR BOSCH ...OG MARGT FLEIRA

**ÞÚ SÉRÐ
ÖLL
TILBOÐIN
Á BYKO.IS**



Skannaðu kóðann
og skoðaðu
tilboðin

BYKO

Eftirlitsgjöld Matvælastofnunar tvöfaldast á skömmum tíma

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) lýsa yfir miklum vonbrigðum með þá ákvörðun atvinnuvegaráðherra að samþykkja hækkun á gjaldskrá Matvælastofnunar (MAST) fyrir opinbert eftirlit um 30%.

Hækkunin nú kemur til viðbótar við umfangsmiklar gjaldskrárbreytingar sem tóku gildi síðasta sumar og leiddu þegar í stað til verulegs kostnaðarauka fyrir matvælaframleiðendur. Á aðeins 14 mánuðum hefur eftirlitsgjald í sláturhúsum tvöfaldast – með 109% hækkun – og gjald fyrir önnur verkefni hækkað um 47%. Leggst hækkunin misþungt á eftirlitsþega.

„Við erum að horfa upp á stökkbreytingu í eftirlitsskostnaði matvælafyrirtækja og í sumum tilvikum marg-

földun frá því sem áður var,“ segir Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri SAFL.

Þegar umræddar gjaldskrárbreytingar voru kynntar á sínum tíma voru yfirlýst markmið þau að auka gagnsæi og skýrleika og einfalda alla framsetningu, framkvæmd, stjórnsýslu og gjaldskrárbreytingar. „Fátt af þessu hefur gengið eftir. Framsetningin er sannarlega einfaldari, en á kostnað skýrleika og gagnsæis. Í mörgum tilvikum vita eftirlitsþegar ekki fyrir hvað þeir eru nákvæmlega að greiða og ómældur tími hefur farið í yfirlegu og leiðréttingar á útsendum reikningum,“ segir Margrét.

Í kjölfar breytinganna hefur MAST þurft að bæta við starfsfólki vegna aukins flækjustigs við reikningagerð. SAFL hafa verið gagnrýnin á nýtt

fyrirkomulag og kallað eftir breyttu verklagi við eftirlit sem myndi draga úr kostnaði. Meðal annars hafa samtökin krafist þess að MAST fylgi eftir ákvæði laga um áhættuflokkun sláturhúsa, sem lögfest var árið 2019. Samkvæmt lögunum á áhættuflokkun að stýra tíðni og umfangi eftirlitsins.

„Enn í dag hefur MAST ekki lokið áhættuflokkun á einu einstaka sláturhúsi. Framleiðendur eru því að greiða fyrir eftirlit sem er bæði óþarflega títt og kostnaðarsamt – í andstöðu við gildandi lög. Með tilliti til þessa og að markmiðum breytinganna hefur sannarlega ekki verið náð, vekur það furðu að atvinnuvegaráðherra samþykki svo umfangsmikla hækkun á gjaldskránni án frekari skoðunar,“ segir Margrét.



Dansar línudans á níu millimetra þykkri línu

Sirkus Íslands var stofnaður Shaustið 2007. Hann samanstendur af fjölbreyttum hópi hæfileikaríks fólks á ýmsum sviðum sirkuslista. Árið 2014 fékk sirkusinn sitt eigið sirkustjald sem ber heitið Jökla. Hann hætti starfsemi í fimm ár en sneri aftur árið 2024 og hélt fimm sýningar í Jöklu. Núna árið 2025 ætlar sirkusinn að vera með 11 fjölskyldusýningar helgina 11.-13. júlí og dagana 17.-20. júlí. Sýningarnar fara fram í Vatnsmýrinni þar sem Jökla mun standa tignarleg. Miðasala hefst von bráðar og verður inni á www.sirkus.is.

Ölfusingurinn Sirrý Fjola Þórarinsdóttir er ein þeirra sem tekur þátt í sýningunni.

er tilvalin fjölskylduskemmtun,“ tekur Sirrý fram.

Gaman að sjá viðbrögð áhorfenda

Sirrý hefur verið í Sirkus Íslands í 13 ár, eða síðan hún var átta ára gömul. Hennar sérsvið er línudans sem lýsir sér þannig að hún labbar og gerir atriði á línu sem er 9 mm þykk.

Aðspurð að því hvað sé það skemmtilegasta við að vera í sirkus segir Sirrý það vera mjög margt. „Það er ótrúlega gaman að tá einhverju trixi sem þú hefur lengi reynt. Það er líka mjög gaman að sýna og sjá viðbrögð áhorfenda, vekja fram alls konar tilfinningar. Svo er það auðvitað félagsskapurinn. Það er bara allt svo töfrandi við sirkus.“

Þau sem hafa mikinn áhuga geta reynt fyrir sér í sirkus. „Ef þú ert barn þá getur þú æft sirkus hérna á Íslandi, sem er frábært, þannig t.d. byrjaði ég. Þar færðu kennslu í alls konar listum. Annars bara ef þú ert góður í einhverju sem er sjaldséð, kannski smá „furðulegt“ og vekur spennu og gleði þá getur þú alltaf prófað að senda á okkur póst,“ segir Sirrý að lokum.

Hægt er að fylgjast með Sirkus Íslands á Instagram undir notendanafninu sirkusislands.

EHH

ÚTIMÁLNING

Þegar þú velur **útimálningu** og **viðarvörn** frá **Slippfélaginu** þá ertu að velja **Íslenskar** vörur sem **þola Íslenskt veðurfar**.



SLIPPFÉLAGIÐ
Austurvegi 58, Selfossi, s. 482 1250
Opíð:
8-18 virka daga og 10-14 laugardaga
slippfelagid.is





SUMAR UTSALA

Fjölærar plöntur **40%** • Sumarblóm **30-50%** • Garð- og trjáplöntur **30-50%** • Útipottar og ker **30-50%** • Bastkörfur **30%** • Garðstytur og garðskraut **30%**
 Garðrósir **40%** • Fræ **30%** • Matjurtarplöntur **50%** • Sædbakkar og pottar **50%** • Púðar, teppi og mottur **30%** • Útileguvörur, tjöld og tjaldstólar **30%**
 Garðhúsgögn **30%** • Útimálning **30%** • Viðarvörn og pallaolía **30%** • Grill og grilláhöld (Gildir ekki af Weber) **25-30%** • Plastbox **25-30%**
 Reiðhjól **25-30%** • Reiðhjólafylgihlutir **25%** • Barnabílstólar **25%** • Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld **25%** • Hnifar **30%** • Smáraftæki **20%**
 Matarstell, könnur og glös **30-50%** • Drykkjarkönnur og bollar **20-40%** • Katlar og hitakönnur **25-50%** • Pottar og pönnur **25-50%** • Bökunarvörur **25%**
 • Diskamottur **30-70%** • Vinnufatnaður **25%** • Vinnubuxur **25%** • Regnföt **25%** • Vinnuöryggisvörur **20%** • Öryggisskór og stígvél **25%** • Hanskar **25%**
 Ruslatunnur og flokkunartunnur **25-40%** • Ruslapokar **30%** • Hreinlætisvörur **20-30%** • Hreinsiefni og hreingerningaráhöld **25%**
 Plastbox **25-30%** • Eldhúsáhöld **20-35%** • Blöndunartæki fyrir handlaugar og eldhús (Ferro, Damixa og Grohe) **25-45%**
 Sláttuvélar **20-35%** • Texas garðverkfæri **25%** • ALKO garðverkfæri **25%** • WORX garðverkfæri og valdar vörur **25-30%**
 Stanley loftpressur og fylgihlutir **20%** • Nilfisk háþrýstidælur **20%** • Tecos valdar vörur **20%** • Ikra garðverkfæri **25%**
 Hikoki rafmagnsverkfæri, bitasett og rafhlöður **30%** • B+D garðverkfæri og valdar vörur **25%** • Claber garðáhöld **25%**
 Metalkas áltröppur **35%** • Stanley og DeWalt loftpressur og rafstöðvar **20%** • B+D rafmagnsverkfæri **30%** • Stanley handverkfæri **30%**
 DeWalt rafmagnsverkfæri valdar vörur **30%** • Makita rafmagnsverkfæri valdar vörur **30%** • NEO-Topex handverkfæri **30%**
 Milwaukee rafmagnsverkfæri valdar vörur **30%** • Wera bitasett og skrufjárn **30%** ... og margt fleira



ALLT AÐ

50%
afsláttur



**Skóðu
öll tilboðin**
Skannaðu kóðann

Ævintýralegt, jákvætt og öruggt andrúmsloft á Úlfljótsvatni

Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni er liflegur staður sunnan við Þingvallavatn. Það var stofnað árið 1941 og hefur verið heimili skáta í yfir 80 ár. Þar er alltaf nóg um að vera og eitthvað fyrir alla. Meðal þess sem er í boði þar eru sumarþúðir fyrir krakka. Sjöfn Ingvarsdóttir er dagskrárstjóri á Úlfljótsvatni og sér um endurmat skóla- og sumarþúða ásamt bókunum og dagskrá fyrir hópa.

Leið eins og hún hafi unnið í lottó

Á sumrin eru aðallega sumarþúðir fyrir börn og erlendir skátahópar á Úlfljótsvatni en á veturna eru reknar skólabúðir þar sem grunnskólar koma með heila bekk í tveggja, þriggja eða fimm daga heimsóknir. Þar fá þau að upplifa náttúruna, efla hópinn og læra í gegnum leik og útiveru. „Ég er líka sjálfskipaður skemmtanastjóri í starfsmannateyminu og sé um að halda uppi stuðinu með ýmsum leiðum. Aðallega með því að hrekkja Elínu rekstrarstjóra,“ segir Sjöfn í samtali við Dagskrána.

Sjöfn hefur verið skáti síðan hún var 10 ára en hún áttaði sig ekki á því að hún gæti starfað á þeim vettvangi.

„Mér líður algjörlega eins og ég hafi unnið í lottóinu að detta inn í þetta starf og aðallega því ég lenti nú eiginlega bara óvart hérna. Upprunalega planið hjá mér var að verða ljósmóðir, ég var í námi og stefndi á þá leið þegar mér var svo boðin sumarvinna sem sumarþúðastýra Úlfljótsvatns sumarið 2023. Eftir það var ekki aftur snúið og ég breytti algjörlega um stefnu. Ég hætti við ljósmóðurfræðina og skellti mér í tómstunda- og félagsmálafræði. Það nám passar ótrúlega vel við skátalíf og

planið er að fara svo í áframhaldandi nám tengt útivist og útínámi,“ segir Sjöfn.

Eru með 20 starfsmenn frá átta löndum

Útilífsmiðstöðin er alþjóðleg skátamiðstöð þannig að eitt af hlutverkum hennar er að bjóða ungum skátaforingjum frá öðrum löndum tækifæri til að dvelja hér, kynnast Íslandi, fá þjálfun í því starfi sem sinnt er á Úlfljótsvatni og hjálpa til við að þjónusta gesti þar.

„Í sumar erum við með 20 manna starfslið á staðnum, frá átta löndum. Þar af er um þriðjungur Íslendingar. Að hafa erlenda sjálfboðaliða bætir miklu við reynsluna, bæði fyrir börnin og starfsfólkið. Börnin fá tækifæri til að heyra önnur tungumál, læra um ólíka menningarheima og upplifa alþjóðlegt samfélag í smækkaðri mynd. Það stuðlar að aukinni víðsýni, virðingu og forvitni. Fyrir starfsfólkið skapar þetta líka fjölbreytt og lærdómsríkt vinnuumhverfi þar sem öll koma með ólíkar hugmyndir, bakgrunn og reynslu,“ segir Sjöfn.

Fjölbreytt dagskrá allan daginn

Í sumar eru tvenns konar námskeið í boði á Úlfljótsvatni. Annars vegar hefðbundnar sumarþúðir þar sem börnin gista í 4-8 manna herbergjum og fara í alls konar spennandi dagskrá og hins vegar útivistarnámskeið sem er nýjung á Úlfljótsvatni. Þar búa börnin í tjaldbúð og læra ýmsa hæfni sem gott er að kunna til að njóta útivistar til hins ýtrasta.

„Við erum með pláss fyrir 50 börn á hverju námskeiði og við erum bæði með þriggja, fjögurra og fimm daga námskeið í boði. Við erum með tvo aldursflokka



Sjöfn Ingvarsdóttir.

en það er 9-11 ára og svo 12-14 ára,“ tekur Sjöfn fram.

Hefðbundinn dagur á Úlfljótsvatni er mjög fjölbreyttur.

„Við byrjum á að vekja börnin kl 8:00. Þá hafa þau tíma til að taka til í herbergjunum sínum og gera sig tilbúin fyrir morgunmat. Kl 8:45 erum við með skálaskoðun en þá standa börnin fyrir utan herbergin sín og starfsmenn skoða herbergin. Þetta er gert til þess að starfsfólk hafi yfirsýn yfir útbúnað barnanna. Kl 9:00 er morgunmatur og eftir hann hafa þau tíma til að gera sig tilbúin í dagskrá sem byrjar kl. 10:00. Það gætu verið kajaksiglingar, klifur, bogfimi, rötun, tjaldbúðavinna, skógarganga, vatnafjör, hóp-eflisleikir, útielund, leikir eða annað skemmtilegt. Við reynum að hafa dagskrárliðina okkar þannig að þeir séu skemmtilegir og ævintýralegir, en að krakkarnir læri líka eitthvað og eflist sem einstaklingar. Eftir hádegismat eru vinnusmiðjur þar sem þau geta valið að gera vinabönd, spila, tálga, súrra (trönubygg- ingar), fara í leiki og fleira. Kl 14-16 er dagskrá og kl 16 er alltaf kaka því lífið er einfaldlega skemmtilegasta með köku í kaffitímanum. Kl 16:30-18:30 er dagskrá og svo kvöldmatur. Eftir kvöldmat er frjálstími til kl 20:00 en þá hefst kvölddagskrá. Kl 21:30 er kvöldkaffi og svo hefst kvöldrútinan. Þe að bursta tennur, lesa, skrifa í dagbækur og koma sér í ró.“

„Dagskráin í heild er mjög vinsæl enda erum við stanslaust að vinna í að gera hana skemmtilega, fræðandi og aðgengilega. Bátarnir fá samt sennilega vinninginn fyrir vinsælasta dagskrárliðinn okkar. Kanilsnúðar á priki yfir eldi enda í öðru sæti og bogfimi í þriðja,“ segir Sjöfn um vinsælustu afþreyinguna.

Það er alltaf stíf dagskrá í sumarþúðunum.

„Þegar börn eru í nýju umhverfi eins og í sumarþúðum geta þau fundið fyrir kvíða og óöryggi. Þar sem öryggi er for-

senda þess að börn geti haft gaman, tengst öðrum, þroskast og notið sín er okkur mjög mikilvægt að skapa öruggt umhverfi fyrir þau. Þegar dagskráin er stíf og vel skipulögð vita öll hvað er framundan. Það skapar rútinu sem veitir börnunum öryggi og minnkar óvissu. Stíf dagskrá tryggir líka fjölbreytni og gefur okkur tækifæri til að nýta tímann sem við höfum í sumarþúðunum sem best.“

Ómetanlegt að vera hluti af vegferð barna

Sjöfn á margar sögur úr starfinu en ein er sérstaklega eftirminnileg.

„Það er ein saga sem situr sérstaklega í mér er af barni sem kom í sumarþúðirnar mjög feim- ið og dró sig mikið í hlé fyrstu dagana. Það var augljóst að það var kvíði og fann sig ekki alveg í hópnum í upphafi. Við tókum okkur sérstaklega tíma í að mynda traust og gefa því rými til að blómstra á sínum hraða. Smátt og smátt fór það að opna sig – fyrst með því að taka þátt í smærri verkefnum, svo leikjum, og að lokum tók það frumkvæði í hópstarfi. Á síðasta kvöldinu, þegar við höldum kvöldvöku, bauð það sig sjálft fram sem kynnir og stóð uppi á sviði með bros á vör og leiddi kvöldið með stolti. Þetta er einmitt ástæðan fyrir því að við erum að þessu. Að skapa öruggt og uppbyggilegt umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að vaxa, takast á við áskoranir og finna styrkinn sinn. Það er ómetanlegt að fá að vera hluti af þeirri vegferð.“

Ekki til vont veður bara rangur klæðnaður

Starfsfólk Úlfljótsvatns lætur íslenska veðráttu ekki stoppa sig í því að hafa gaman.

„Við segjum oft að það sé ekki til vont veður heldur bara rangur klæðnaður. Við kennum börnunum að búa sig vel undir útiveru jafnvel þegar það rignir eða er kalt. Ef veðrið er virkilega slæmt færur við dagskrána

til, nýtum skálana okkar og gerum innidagskrá sem er jafn skemmtileg. Í Strýttunni getum við keyrt alla leikina okkar og í svefnskálunum eru setustofur sem hægt er að nota undir alls konar dagskrá. Í þessu starfi er mjög mikilvægt að laga sig að aðstæðum og það er alltaf plan B, og stundum plan C og D líka,“ segir Sjöfn.

Það er alltaf brjáláð stuð og stemning í sumarþúðunum að sögn Sjafnar.

„Það er líka ævintýralegt, jákvætt og öruggt. Við leggjum mikla áherslu á að öll fái að vera þau sjálf og að hér ríki vinátta og virðing. Það myndast ótrúlega sterk tengsl milli þátttakenda og starfsfólks, og stemningin verður oft þannig að það er erfitt að kveðja þegar búðunum lýkur.“

Skemmtilegast að sjá gleði og þroska barnanna

Sjöfn segir það skemmtilegasta við starfið sitt vera að sjá gleðina sem börnin upplifa og þroskann sem á sér stað. Að fylgjast með þeim takast á við nýjar áskoranir, eignast vini og skapa minningar sem fylgja þeim lengi.

„Og auðvitað starfsfólkið, það er ótrúlegt hvað hægt er að mynda sterkt og dýrmætt teymi á stuttum tíma þegar öll eru með sama markmið að gera sumarið eftirminnilegt fyrir börnin.“

„Ég mæli eindregið með þessu starfi fyrir öll sem hafa áhuga á útivist, félagsstarfi og því að hafa raunveruleg áhrif á líf barna. Þetta er vinna sem gefur mikið til baka og hefur áhrif langt út fyrir sumarið sjálft. Einnig vil ég hvetja skóla, sérstaklega á Suðurlandi, til að kynna sér skólabúðirnar okkar. Þær hafa verið reknar síðan 1990 og margir skólar eru fastagestir, en það væri gaman að sjá fleiri skóla – ekki síst úr okkar nærumhverfi, hvaðan er stutt að fara. Dagskráin er bæði skemmtileg og uppbyggjandi, og börnin fá ógleymanlega reynslu í náttúrunni,“ segir Sjöfn að lokum. *EHI*



VÍS

Velkomin í vöflukaffi

Við elskum að fá heimsóknir og þess vegna bjóðum við í vöflukaffi **fimmtudaginn 3. júlí kl. 13–15**.
Rjúkandi heitt kaffi og nýbakaðar vöflur.

Hlökkum til að sjá ykkur!



VÍS Selfossi, Eyra­vegi 37



Íþróttir

Pórey Þula íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi

Pórey Þula Helgadóttir knapi Þer íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi árið 2025. Viðurkenningin er veitt árlega á 17. júní hátíðahöldum sveitarfélagsins vegna afreka síðastliðins árs.

Það er Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd sem stendur að valinu. Í rökstuðningi nefndarinnar kom fram að Pórey Þula varð Íslandsmeistari í samantöðum fjórgangsgreinum ungmenna á heimaræktuðu hryssunni Hröfnu frá Hvammi 1. Þær lentu í 4. sæti í fjórgangi og 7-8. sæti í tölti. Frábær árangur á þessari sjö vetra gömlu meri. Í rökstuðningnum segir enn fremur: „Pórey er búin að sýna það og sanna að hún ætli sér langt í fremstu röð knapa landsins. Það mátti einnig sjá á Landsmótinu í sumar í A-flokki gæðinga þar sem hún átti afbragðssýningu á Kjalari frá Hvammi 1. Þá var Pórey sýnileg á íþrótt- og gæðingamótum ársins og stóð sig vel. Hún er bæði fyrirmynd innan sem utan vallar og íþróttamaður fram í fingurgóma.“

Aðrir sem tilnefndir voru í



kjörinu voru þau Arnór Karlsson fyrir afrek hans í sundi, Aldís Fönn Benediksdóttir fyrir afrek í frjálsum íþróttum og Eyþór Orri Arnason fyrir árangur í körfuknattleik.

Á fundi sveitarstjórnar þann 19. júní sl. óskaði sveitarstjórn Póreyju Þulu til hamingju með

titilinn Íþróttamaður ársins í Hrunamannahreppi. Einnig óskaði sveitarstjórn öðrum verðlaunahöfum til hamingju með glæsilegan árangur á liðnu ári og óskar öllum hópnum velfarnaðar og góðs árangurs í framtíðinni.

Vignir Vatnar sigraði í Laugarvatnshellum

Sögulegt skákmót fór fram Sunnudaginn 30. júní í Laugarvatnshellum. Mótið var liður í samstarfi milli Vignirvatnar.is, Caves of Laugarvatn og Fontana Spa, og vakti strax mikla athygli fyrir einstakar aðstaður og óvenjulega umgjörð. Laugarvatnshellarnir eru ekki einungis náttúruleg undur. Þeir geyma líka merka sögu, en þarna var síðast búið árið 1922.

Alls mættu 48 keppendur til leiks og myndaðist einstök stemning þegar keppendur léku sína fyrstu leiki í skugga móbeyrgisveggja. Tefldar voru sjö umferðir með tímamörkum 3+2.

Meðal keppenda var fjölbreyttur hópur, bæði margreyndir og stigaháir skákmenn sem þekkja vel til á skáksviðinu, sem og hópur ungra og efnilegra stráka og stelpna sem stigu sín fyrstu skref í skákinni.

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, lék fyrsta leik mótsins fyrir nýkrýndan Íslandsmeistara Vigni Vatnar og hófst þá baráttan af fullum krafti. Þrátt fyrir ausandi rigningu hélt hellirinn keppendum og gestum tiltölulega þurrum, og stemn-



ingin minnti fremur á hátíð en hefðbundið skákmót. Fjölmargin áhorfendur komu við og fylgdust með aðstöðum.

Úrslit

Það var enginn annar en nýkrýndur Íslandsmeistari, Vignir Vatnar Stefánsson, sem sigraði mótið með 6,5 vinninga af 7 mögulegum. Í öðru sæti varð Arnar Milutin Heiðarsson með 6 vinninga og í þriðja sæti Ingvar Þór Jóhannesson með 5,5 vinninga.

Flokksverðlaun

Magnús Matthíasson (5 vinningar) náði stórkostlegum ár-

angri og hlaut verðlaun fyrir besta árangur í flokki keppenda með minna en 2000 stig. Mikael Bjarki Heiðarsson (5 vinningar) var efstur í aldursflokki 16 ára og yngri. Í flokki óstígaskráðra sigraði Katrín Ósk Tómasdóttir (2 vinningar), en hún æfir hjá Skákdeild Hauka og er aðeins 10 ára.

Að móti loknu bauð Fontana Spa öllum keppendum í slökun. Þar vakti sérstaklega athygli sundskýla með taflborðamynstri sem naut greinilega mikilla vinsælda meðal keppenda. Skákstjóri mótsins var Gunnar Björnsson, fyrrverandi formaður og stofnandi Taflfélagsins Hellis.



Hægt er að senda inn fréttatilkynningar á netfangið dfs@dfs.is



125 keppendur á Héraðsleikum og Aldursflokksamóti HSK

Héraðsleikar 10 ára og Aldursflokksamót HSK 11-14 ára fóru fram dagana 24.-25. júní síðastliðinn á Selfossvelli. Á Héraðsleikana mættu 75 keppendur til leiks frá sex félögum og voru margir að stíga sín fyrstu skref á keppnisvelli. Allir þátttakendur fengu verðlaunapening að móti loknu og var leikgleðin í fyrirrúmi þrátt fyrir rigninguna.

50 keppendur mættu til leiks á aldursflokksamótið frá átta félögum og var mikið um bætingar á mótinu. Keppit var um verðlaun fyrir stigahæsta félagið auk verðlauna fyrir stigahæstu félögin samkvæmt aldursflokki. Stigahæsta lið 11 ára var Umf. Þjótandi með 70 stig, í flokki 12 ára sigraði Íþrf. Dímon með 121 stig, 13 ára flokkinn sigraði Umf. Selfoss með 91 stig sem er aðeins einu stigi betur en Íþrf. Dímon

og 14 ára flokkinn sigraði Umf. Selfoss örugglega með 173 stig. Heildarstigakeppnin fór þannig að Umf. Þjótandi var í þriðja sæti með 145 stig, Íþrf. Dímon var í öðru sæti með 247 stig og Umf. Selfoss sigraði með 377 stig. Hápunktur mótsins var keppni í 4x100 m blönduðu boðhlaupi en þá þurfa sveitirnar að vera skipaðar bæði piltum og stúlkum. Að hafa boðhlaupið blandað gefur fámennari liðum kost á að ná í sveit og það voru 8 sveitir frá fimm félögum sem tóku þátt. Sveit Selfoss A sigraði hlaupið, Dímon B var í öðru sæti og Selfoss B í því þriðja.

Næsta HSK-mót er Héraðs-mót fullorðinna 15.-16. júlí en mesta spennan er fyrir Meistararamóti Íslands aðalhluta sem fer fram á Selfossvelli 22.-24. júlí en HSK heldur mótið.

Daði Berg nýr þjálfari Hamars

Körfuknattleiksdeild Hamars hefur ráðið Daða Berg Grétarsson sem aðalþjálfara meistaraflokks karla.

Daði Berg og Grétar Freyr Gunnarsson, formaður körfuknattleiksdeildar Hamars, hafa undirritað samning til ársins 2027. Hamar er í fyrstu deild en var í harðri baráttu um sæti í efstu deild á liðinni leiktíð.

Daði kom fyrst til liðsins árið 2022 og spilaði með Hamri til 2024. Á síðustu leiktíð var hann svo aðstoðarþjálfari Halldórs Karls Þórssonar.

„Ég hef mikinn metnað fyrir þessu verkefni og ástríðu fyrir klúbbnum. Spennandi hópur af leikmönnum sem ég hlakka til að vinna með og hjálpa við að þróa þeirra leik.“



Markmiðið er að byggja ofan á það góða starf sem hefur verið unnið og skrifa nýjan kafla í leiðinni” segir Daði Berg en hann hvetur um leið alla Hvergerðinga til að mæta á völlinn og láta í sér heyra á næsta tímabili.

Fjölmargar bætingar á MÍ 11-14 ára í frjálsíþróttum

Meistaramót Íslands í frjálsíþróttum 11-14 ára fór fram helgina 14.-15. júní í Reykjavík. Það var fámennnt lið HSK/Selfoss sem mætti til leiks að þessu sinni en árangur var samt sem áður góður og fjölmargar bætingar sem litu dagsins ljós og nokkrum sinnum stigu keppendur HSK/Selfoss á pall. Engin HSK-met voru sett á mótinu að þessu sinni. Tveir flokkar náðu að vera í þriðja sæti í stíga-keppninni í sínum flokkum, 14 ára piltar og 12 ára stúlkur.

Magnús Tryggvi Birgisson, Selfossi, átti frábæra helgi og stóð þrisvar sinnum á efsta palli. Hann sigraði kringlukast með kasti upp á 37,19m, þristökk með stökki upp á 11,67m og spjótkest þar sem hann kastaði 39,16m í flokki 14 ára pilta, auk þess fékk hann silfur í langstökki fyrir 5,12m og brons í bæði kúluvarpi, 10,03m og 2000 m hlaupi. Ásta Kristín Ólafsdóttir, Selfossi, stórbætti sig í spjótkesti 14 ára stúlkna þegar spjótið sveif 40,03m og sigraði

hún nokkuð örugglega þá grein.

Spjótið virðist liggja vel fyrir sunnlensku börnunum því að í 13 ára flokki pilta vannst gull og silfur. Kristján Karl Gunnarsson, Selfossi, sigraði þar með kasti upp á 34,30m og Andri Fannar Smárason, Selfossi, varð í öðru sæti með kasti upp á 30,95m og báðir voru þeir að stórbæta sig. Baltasar Jón Ingibjörnsson, úr Dímon, fékk brons í kringlukasti þegar hann kastaði 24,35m og strákarnir fengu svo brons í 4x100 m boðhlaupi þegar þeir

hlupu á 62,60 sek., en sveitina skipuðu Kristján Reynisson, Þjótanda, Ottó Ingi Annýjarson, Þjótanda, Kristján Karl Gunnarsson, Selfossi og Andri Fannar Smárason. Sigríður Elva Jónsdóttir, Selfossi, var atkvæðamikil í flokki 13 ára stúlkna og komst tvisvar sinnum á pall og fékk brons í bæði skiptin, stökk 4,50m í langstökki og hljóp á 15,40 sek í 80 m grindahlaupi.

Bjarkey Sigurðardóttir, Selfossi, átti frábært mót í flokki 12 ára stúlkna, varð önnur í spjót-

kasti með 17,44m og í hástökki með 1,22m og varð svo í öðru sæti í heildarstíga-keppni fjölþrautar í 12 ára flokki stúlkna. Hilmir Dreki Guðmundsson, Selfossi, kastaði lengst allra í kúluvarpi í flokki 12 ára pilta eða 7,42m og hann varð þriðji í langstökki, stökk lengst 4,07m.

Nikulás Tumi Ragnarsson, Þjótanda, kastaði næstlengst allra 11 ára pilta bæði í kúluvarpi, 8,22m og í spjótkesti, þar sem spjótið sveif 21,86 metra.



HSK/Selfoss stelpur í 14 ára flokki.



HSK/Selfoss stelpur í flokkum 11-13 ára.



Boðhlaupssveit drengja í 13 ára flokki varð í þriðja sæti.



heildarlausnir í prentun

VIÐ ERUM FLUTT Í GAGNHEIÐI 17

Velkomin
í heimsókn
til okkar



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Sími 482 1944
Gagnheiði 17, Selfossi
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is



Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Gljúfurárholt 23. og 24. – Breyting á deiliskipulagi

Lögð er fram breyting á deiliskipulagi fyrir Gljúfurárholt 23 og 24. Í tillögunni er gert ráð fyrir að fjölga byggingarreitum og að Gljúfurárholti 23 verði skipt upp. Þá er fyrirhugað að reisa megi smáhýsi til bændagistingar.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. júní 2025.

Akurgerði ferðapjónustuhús – Breyting á deiliskipulagi

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Akurgerði, L171635, í Ölfusi. Skipulagssvæðið er um 18 ha að stærð innan jarðarinnar Akurgerði og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036. Tillagan er í samræmi við aðalskipulag sem heimilar atvinnurekstur ótengdan landbúnaði að vissu marki, og gerir ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsum og smáhýsum á tilgreindum byggingarreitum, ásamt skilgreiningu aðkomu, lóðarmarka og fráveitulausna.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. júní 2025.

Miðsvæði M2 við Óseyrarbraut – Breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram aðalskipulagsbreyting vegna miðsvæðis M2 við Óseyrarbraut. Í breytingunni felst að hámarks byggingarmagni er breytt í 155.

Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. júní 2025.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með **7. ágúst 2025**. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.

Á Skipulagsgáttinni er hægt að:

- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn

Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.

Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

*Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið*



Kvennakórinn Ljósbrá fékk höfðinglegar móttökur í Litháen

Síðastliðið haust ákváðu konur í kvennakórnum Ljósbrá að skoða þann möguleika að fara erlendis í skemmti- og söngferð með það að markmiði að ferðast saman, þétta hópinn og í leiðinni, syngja á okunum slóðum. Við erum svo heppnar að Laima Jakaite, íbúi í Rangárvallasýslu sem er tónlistarkennari, og er frá Telšiai í Litháen, benti okkur á þann möguleika að taka þátt í borgarhátíð Telšiai. Það varð úr og hjálpaði hún okkur við skipulagningu ferðarinnar og tengdi okkur við tengilið hátíðarinnar. Við undirbúning ferðarinnar óráði okkur ekki fyrir þeim höfðinglegu móttöku sem biðu okkar í þessu fallega og gróskumikla landi, Litháen. Ferðin var farin 12. – 19. júní.

Í setningarathöfn borgarhátíðarinnar í Telšiai, sem fór fram við bakka vatnsins Mastis, tóku kórkonur þátt í lautarferð þar sem fólk kemur með smakk að heiman til að deila með öðrum gestum. Þar buðu kórkonur upp á harðfisk og alíslenskar heimbakaðar flatökur (bakaðar af kórkonum) með hangikjöti frá Sláturfélagi Suðurlands. Við setningu hátíðarinnar söng kórinn tvö lög við frábærar móttökur. Síðar þennan sama dag söng kórinn ásamt kór menningarmiðstöðvarinnar í Telšiai við lok messu í dómkirkju bæjarins og var kirkjan þéttsetin. Hljómburðurinn í kirkjunni var slíkur að upplifunin var algjörlega einstök. Í lok dags var kórnum ásamt mökum og kór menningarmiðstöðvarinnar í Telšiai boðið til veislu, okkur til heiðurs í Samogitian Village Museum, í boði þjóðlagahljóms-

sveitarinnar Spegens frá menningarmiðstöð Telšiai og stjórnanda hennar, Diana Bumblauskienė. Boðið var upp á sveitamat, þann sem Litháar borðuðu til forna og einnig litháískan bjór og heimabruggað brennivín. Þar var okkur einnig kennt að dansa nokkra þjóðdansa með misjöfnum árangri en þetta var afskaplega skemmtilegt og gaman að sjá að þjóðdansarnir eru bara alls ekki ólíkir okkar þjóðdönsum.

Hvert sem við fórum í Telšiai, í skoðunarferðir, á söfn eða á veitingastaði höfðu allir heyrt um kórinn frá Íslandi sem var á ferðinni. Alls staðar var tekið vel á móti okkur og allir svo þakklátir Íslendingum fyrir að hafa verið fyrsta þjóðin til að staðfesta sjálfstæði Litháen. Þarna fundum við sterkt hversu miklu máli þetta skiptir fyrir Litháa og hefur enn mikla þýðingu þó að liðin séu 34 ár.

Eftir veru okkar á þessum einstaklega fallega stað, Telšiai, höldum við til höfuðborgarinnar Vilnius. Okkur langaði til að gera eitthvað sérstakt þar, bara eitthvað létt og laggott í tilefni þjóðhátíðardagsins okkar. Með aðstoð ræðismanns Íslands í Helsinki fengum við samband við kjöræðismann Íslands í Vilnius sem, ásamt íslenskum starfsmanni utanríkisráðuneytisins hjá NATO, tengdu okkur við ráðhúsið í Vilnius og hófst þá skipulagning á tónleikum. Úr varð að kórinn Jauna muzika (blandaður kór) og við, kvennakórinn Ljósbrá, vorum með tónleika þriðjudaginn 17. júní á tröppum ráðhússins í Vilnius. Þegar upp var staðið

höfðu margar hendur komið að undirbúningi og skipulagi tónleikanna. Sett var upp hljóðkerfi, rafmagnspíanó fengið að láni hjá tónlistarskóla, kynnir fenginn sem kynnti bæði á ensku og litháísku, send var út fréttatilkynning og allt skipulagt til hlítar.

Það yljaði okkur um hjartað að mæta í ráðhúsið þennan dag. Þjóðfánur Íslands og Litháen var flaggað ásamt fána Vilnius og íslensk tónlist spiluð á torginu fyrir alla sem þar áttu leið, bæði fyrir og eftir tónleikana. Tekið var á móti okkur af mikilli virðingu. Kórarnir sungu til skiptis og enduðu báðir kórar á að syngja þjóðsöngva sinnar þjóðar. Kynnirinn talaði meðal annars um þakklætið sem litháíska þjóðin ber til Íslendinga og átti það vel við þennan dag þegar við fögnuðum sjálfstæði Íslendinga en ekki síður mikilvægt á þessum tímum óróleika í heiminum að muna mikilvægi sjálfstæðis þjóða, kærleika og gagnkvæmrar virðingar við náungann.

Við í kvennakórnum Ljósbrá erum fullar þakklætis til allra þeirra sem aðstoðuðu við skipulag og undirbúning þessarar ferðar. Litháen er land sem vert er að heimsækja; það er bæði hreint og afskaplega fallegt og íbúarnir mjög jákvæðir, hjálpsamir og skemmtilegir. Við sveitatútturnar að sunnan ásamt mökum geymum þessa vikuferð á góðum stað í minningarbankanum. Takk fyrir okkur, Litháen.

*Gyða Á Helgadóttir;
formaður Kvennakórsins
Ljósbrá.*



FJÁRMÁLASTJÓRI



Bláskógabyggð auglýsir starf fjármálastjóra laust til umsóknar. Bláskóga- byggð er blómlegt sveitarfélag í Uppsveitum Árnessýslu. Íbúar eru um 1.500 og auk þess eru um 2.000 sumarhús í sveitarfélaginu. Þéttbýliskjarn- ar eru þrír, Laugarás, Laugarvatn og Reykholt. Starfsstöð fjármálastjóra er í Aratungu í Reykholti.

Undir fjármálasvið heyrir reikningshald, áætlanagerð og fjármálastjórnun sveitarfélagsins, launavinnsla, reikningagerð og innheimta. Næsti yfir- maður er sveitarstjóri, en næstu undirmenn eru starfsmenn fjármálasviðs.

Fjármálastjóri er leiðandi og mótandi í starfi sínu, hefur frumkvæði að lausn verkefna, veitir ráðgjöf og hefur yfirumsjón með rekstri og fjármálum sveitarfélagsins. Fjármálastjóri leiðir fjármálasvið sveitarfélagsins.

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Upplýsingar um starfið veitir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, asta@blaskogabyggd.is eða í síma 480 3000. Umsóknir skulu berast til sveitarstjóra á netfangið asta@blaskogabyggd.is. Umsóknarfrestur er til og með **13. júlí nk.**

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja greinargóð náms- og starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

MEGINVERKEFNI

- Yfirumsjón með bókhaldi og dagleg fjármálastjórn sveitarfélagsins.
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana.
- Yfirumsjón með framlagningu árshlutareikninga og ársreikninga.
- Greiningarvinna og miðlun upplýsinga.
- Þátttaka í mótun, þróun og innleiðingu verklags varðandi ábyrga fjármálastjórn og ýmsum öðrum umbótaverkefnum.
- Samskipti við hagaðila.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun, framhaldsmenntun eða mikil hagnýt starfsreynsla æskileg.
- Viðtæk þekking og reynsla af reikningshaldi áskilin.
- Haldbær þekking og reynsla af fjárhagsáætlanagerð áskilin.
- Haldbær þekking og reynsla af rekstrareftirliti og fjármálastjórn.
- Mikil hæfni í greiningu og framsetningu tölulegra gagna.
- Þekking og reynsla af þróun og innleiðingu umbótaverkefna á sviði fjármála.
- Stjórnunarreynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu kostur.
- Þekking á Navision fjárhagskerfi kostur.
- Hæfni í að tileinka sér nýja þekkingu og miðla henni áfram.
- Mjög góð samskipta- og leiðtogahæfni.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.



Leggðu línuna til okkar!

Verkefnaumsjón nýlagna

Við leitum að fjölhæfri manneskju með tækni- eða iðnfræðimenntun sem kann að skipuleggja og fylgja verkefnum eftir.

SÆKTU UM Á [RARIK.IS/ATVINNA](https://www.rarik.is/atvinna)
UMSÓKNARFRESTUR: 13.07.25

KIRKJA

Selfosskirkja

Kvöld-tónlistarmessa klukkan 20:00. Mæðgurnar Eyrún Huld Ingvarsdóttir og Magnea Gunnarsdóttir leika í messunni á fiðlu og flygil. Kirkjukórinn leiðir sönginn, séra Ása Björk Ólafsdóttir þjónar og býður uppá smurningu að fornum sið.

Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudaginn 6. júlí kl 11. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir prædika og þjónar ásamt meðhjálpara og Jón Bjarnason leikur á orgel. Kammerkór Sumartónleika í Skálholti flytur hluta úr Missa Papae Marcelli eftir Palestrina. Sumartónleikar í Skálholti eru í fullum gangi, sjá dagskrá á skalholt.is. Innilega velkomin!

Sólheimakirkja

Messa á 95 ára afmælishelgi Sólheima í Grímsnesi sunnudaginn 6. júlí kl 14. Menningarveisla Sólheima í fullum gangi, sjá dagskrá á solheimar.is. Innilega velkomin!

Úthlíðarkirkja

Hátíðarmessa sunnudaginn 6. júlí kl 14 á 90 ára fæðingardegi Björns Sigurðssonar, kirkjubónda í Úthlíð. Sigríður Ósk Kristjánsdóttir syngur einsöng og kór Úthlíðarkirkju leiðir safnaðarsöng. Prestur er sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir og organisti Jón Bjarnason. Hátíðarkirkjukaffi í Réttinni. Innilega velkomin!

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsulur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14

Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16

Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14

Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14

Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14

Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Óska eftir

Óska eftir bílskúr eða sambærilegu húsnæði til skammtíma-leigu vegna nýsköpunarverkefnis helst á Selfossi eða nágrenni. Uppl. í síma 862 2345.

Lægri gjöld, fleiri tækifæri

Sveitarfélagið Árborg er lífandi sveitarfélag í alfaraleið. Uppbygging hefur verið veruleg á undanförunum árum og bæði íbúða- og atvinnuuppbygging hefur sett sterkan svip á bæjarbraginn. Ný íbúðahverfi hafa risið hratt og íbúum fjölgað um 53 prósent frá 2016. Samhliða því hafa ný fyrirtæki hafið rekstur, önnur stækkað við sig og nýr miðbær risið á Selfossi. Allt hefur þetta gjörbreytt allri ásjúnd bæjarins. Sveitarfélagið Árborg er þekkt sem þjónustusvæði og óumdeilt að Selfoss er þar í lykilhlutverki sem höfuðstaður verslunar og þjónustu. Ég vil þó með pistli þessum benda á ný tækifæri á Selfossi og í sveitarfélaginu fyrir starfsemi fyrirtækja.

Nýjar atvinnulóðir á besta stað

Bæjarstjórn Árborgar hefur unnið að því að fjölga atvinnulóðum til úthlutunar og eru hátt í tuttugu atvinnulóðir tilbúnar, eða

ad verða tilbúnar til úthlutunar. Lóðirnar eru mismunandi að stærð og eru staðsettar við innkomuna á Selfoss (utan ár) við Suðurlandsveg og í Víkurheiði sem liggur meðfram Eyrarbakka vegi.

Margir spennandi kostir eru í sveitarfélaginu og nú þegar ný brú yfir Ölfusá er í smíðum skapast enn frekari tækifæri á svæðinu utan ár, næst nýja Suðurlandsvegnum. Svæði undir iðnað og aðra atvinnustarfsemi suður af Selfossi og nær Eyrarbakka og Stokkseyri er kjörið fyrir atvinnurekstur sem þarf að vera í grennd við inn- og útflutningshöfn eins og Þorlákshöfn. Framundan er að klára deiliskipulag á nýju atvinnusvæði við Eyrarbakka veg þar sem í boði verða stærri lóðir undir atvinnustarfsemi sem þarfnast aukins rýmis.

Lægri gatnagerðargjöld

Fjölbreytt atvinnustarfsemi eykur verðmætasköpun og bætir hag íbúanna. Það er mikilvægt að opinberir aðilar styðji við uppbyggingu atvinnulífs með hóflegri gjaldtöku og nægu lóðaframboði. Bæjaryfirvöld í Árborg vilja með nýsamþykktri atvinnustefnu stuðla að slíkri þróun á svæðinu enda styrkir það samfélagið í heild. Í því ljósi hafa verið gerðar breytingar á gjaldskrá gatnagerðargjalda fyrir atvinnulóðir. Þar er um að ræða fimmtíu prósent lækkan gjalda sem ég tel að geri Sveitarfélagið Árborg samkeppnishæfara og enn áhugaverðari valkost fyrir nýja atvinnustarfsemi í öflugu og vaxandi þéttbýli rétt utan höfuðborgarsvæðisins þar sem er bæði gott að búa og starfa.

Bragi Bjarnason,
bæjarstjóri og oddviti
Sjálfstæðisflokksins í Árborg.



Á myndunum má sjá fjölbreyttar og vel staðsettar lóðir undir atvinnustarfsemi.

Langar þig að þekkja
landið þitt betur?

Landvöktun
lykillinn að betra landi

Land og skógur auglýsir eftir þátttakendum í vöktunarverkefnið Landvöktun - lykillinn að betra landi

Verkefnið gefur þér tækifæri til að fylgjast með þróun gróðurs og jarðvegs á þínu landi með einföldum, fljótlegum og áhrifaríkum hætti



skannið kóðann
til að sækja um!

Umsóknareyðublað og frekari upplýsingar er að finna á
www.grolind.is/landvoktun

Fyrirspurnir skulu berast til Jóhanns Helga Stefánssonar
johannhelgi@logs.is eða 866-7119



Vel heppnaður sumarlestur á Bókasafni Árborgar

Sumarlestur Bókasafns Árborgar á Selfossi hófst þann 11. Júní sl. en þá mætti enginn annar en Evar Þór Benediktsson rit-höfundur í heim-sókn. Evar sagði frá þeim bókum sem hann hefur skrifað og þeim sem hann er að skrifa og las svo upp úr þeirri bók sem er



væntanleg innan skamms. Það var spennandi stund því þetta var fyrsti upp-lestur Evars úr bók sem enginn hafði fengið að sjá eða heyra áður. Sú hefð hefur skapast að fara í ratleik á safninu og er það jafnan síðasti viðburður Sumarlesturs. Eins og undanfarin ár

var mikið fjör og frábær stemning og krakkarnir stóðu sig frábærlega vel í að leysa hinar ýmsu gátur og þrautir. Sumarlesturinn fær nýtt þema á hverju ári og í ár eru það Múminálfarnir sem eru í aðalhlutverki enda fagna þeir 80 ára afmæli í ár. Þetta er í 32. sinn sem Sumarlestur er haldinn á Bókasafni Árborgar en það var einmitt þáverandi starfsmaður safnsins sem fékk þessa frábæru

hugmynd og hratt henni í framkvæmd. Sumarlestur er ókeypis lestrarhvetjandi námskeið fyrir krakka í 3.-5. bekk. Börnin koma á bókasafnið einu sinni í viku í júní þar sem þau fá skemmtilega fræðslu og taka þátt í lestrarhvetjandi uppákomum enda markmiðið að viðhalda lestrarhæfni og kynna ævintýraheim bóka fyrir börnunum. Þó svo að formlegum viðburðum

Sumarlesturs sé lokið þá eru öll börn í sveitarfélaginu hvött til að vera dugleg að lesa í allt sumar og hjálpa til við að skreyta tréð í barnadeild safnsins með lestrar-miðalaufblöðum. Takk innilega fyrir samveruna þið öll sem voruð með okkur í júní og við hlökkum til að sjá ykkur í allt sumar.

Starfsfólk Bókasafns Árborgar á Selfossi.



Englar og menn í Strandakirkju um helgina

Hin árlega tónlistarhátíð, Englar og menn í Strandakirkju í Selvogi, hefst sunnudaginn 6. júlí nk. með tónleikum kl. 14. Hátíðin stendur yfir sem fyrir júlímánuði og eru tónleikar alla sunnudaga kl. 14.

Þetta er fjórtánda starfsár hátíðarinnar en hátíðin hefur alla tíð verið vel sótt. Margir koma um langan veg á tónleika enda bera margir hlýjar taugar til Strandakirkju, sem er þekkt áheita-kirkja og þar þykir vera sérstakur kraftur til hjálpar og bænheyrslu. Kirkjan er einstaklega hljómfögur og því ljúft að njóta þar tónlistarflutnings og drekka í sig sögu og anda kirkju og staðar.

Á opnunartónleikum hátíðarinnar koma fram feðgarnir Kristinn Sigmundsson, bassi og Jóhann Kristinsson, barítón og flytja íslensk og erlend sönglög. Helga Bryndís Magnúsdóttir leikur með þeim á píanó og orgel.

Kristinn Sigmundsson hefur sungið yfir 100 óperuhlutverk í öllum helstu óperuhúsum heims í tæpa fjóra áratugi og unnið til Grammy-verðlauna ásamt fjölda annarra verðlauna. Sonur hans Jóhann var útnefndur söngvari ársins á Íslensku tónlistarverðlaunum árið 2023 og hefur sungið með mörgum af virtustu sínfóníuhljómsveitum Evrópu.

„Það hefur staðið til í nokkur ár að fá þá feðga til okkar í Strandarkirkju en þeir verið afar uppteknir við störf sín erlendis. En nú var lag og það verður ánægjulegt fyrir okkur Sunnlendinga að fá að hlýða á þá í Strandarkirkju.“

Boðið verður upp á miðasölu á tix.is en einnig við innganginn. Miðasala á tix.is hefst 1. júlí kl. 10. Tónlistarhátíðin er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Tónleikar verða sem fyrr segir alla sunnudaga í júlímánuði kl. 14 og er dagskráin fjölbreytt og spennandi.

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er sem fyrr Björg Þórhallsdóttir.

Bryggjuhátíð Stokkseyri 2025

LAUGARDAGUR 5. JÚLÍ

09-16 Kayakferðir —Bókanir á kajak.is
10-21 Skálinn Stokkseyri
10-17 Sundlaug Stokkseyri —Frítt fyrir 17 ára og yngri
10-16 Heiðarblómi gróðrastöð (Heiðarbrún)
11-18 Veiðisafnið — Frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum
11-18 Bílskúrssala (Strandgata 12)
12-20 Fjöruborðið —(Borðapantanir í síma 483-1550)
12-17 Gallerí Gimli (Hafnargata 1)
13-17 Brimrót og bókabæirnir austanfjalls (Hafnargata 1)
13-17 Gallerí Svartiklettur—Elfar Guðni listmálari

DAGSKRÁ HÁTÍÐAR LAUGARDAG
Hátíðin fer fram á túninu við sjoppuna

12:30 Leikhópurinn Lotta—Hrói Höttur (frítt)
14:00 Hoppukastalar (frítt)
14:00 Markaður
14:00 Skapandi sumarstörf í Árborg
14:00-16:00 Nammi bræður
15:00 Klifurveggur (skátaland, frítt)
14:00 Meistaraflokkur Stokkseyrar keppir á Stokkseyrarvelli Stokkseyri—RB

BRYGGJAN

20:00 Brenna, BMX BRÓS, Nammibræður
20:30 Júlí Heiðar og Dísar
21:00 Hlynur Snær trúbador
20:00-02:00 Draugabarin opinn - frá kl 23:00 mun Hlynur Snær trúbador halda uppi stuðinu.

SUNNUDAGUR 6. JÚLÍ—Dagur fyrirtækja/safna Stokkseyrar

9-16 Kayakferðir—Bókanir á Kajak.is (Stjörnusteinar 1)
10-17 Sundlaug Stokkseyri—Frítt fyrir 17 ára og yngri (Stjörnusteinar 1)
10-21 Skálinn Stokkseyri
11-18 Veiðisafnið -Frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum (Eyrarbraut 49)
11-18 Bílskúrssala (Strandgata 12)
12-17 Gallerí Gimli (Hafnargata 1)
12-20 Fjöruborðið—Borðapantanir í síma 483-1550 (Eyrarbraut 3a)
13-17 Brimrót og bókabæirnir austanfjalls (Hafnargata 1)

ÞÖKKUM VIÐ HÉR MEÐ ÞEIM FÉLÖGUM OG FYRIRTÆKJUM SEM KOMA AÐ OG STYRKJA HÁTÍÐINA AÐ ÞESSU SINNI.

Búnaðarfélag Stokkseyrar • Krossfiskur ehf • Hásteinn ehf

EYRARFISKUR STOKKSEYRI
Fjöruborðið
HEIÐARBLÓMI
VEIÐISAFNIÐ
KAYAKFERÐIR STOKKSEYRI
SKÁLINN
HAFNARGATA 1
KULSTJERNEN BISTU HEIMILI
HAGAFOSS EHF



Vilja lágvöruverslun á Hellu

Íbúar í Rangárþingi ytra hafa lengi kallað eftir lágvöruverslun á Hellu, en slík þjónusta myndi gagnast öllum íbúum og þeim fjölmörgu gestum sem fara um svæðið.

Bygðarráð hefur falið skipulags- og umferðarnefnd að koma með tillögur að hentugum lóðum undir lágvöruverslun og gera tillögu að nauðsynlegri skipulagsvinnu.

Frá þessu er greint á heimasíðu Rangárþings ytra.

Í bókun fulltrúa Á-listans um málið kemur fram að mikilvægt sé að bregðast tímanlega við vaxandi eftirspurn eftir lóðum fyrir

verslun og þjónustu í sveitarfélaginu. Mikil og vaxandi þörf sé á lágvöruverslun sem nýtist bæði íbúum og gestum. Aukið álag vegna mikillar umferðar, umfangsmikilla virkjanafarmkvæmda og annarrar uppbyggingar á svæðinu geri það að verkum að skynsamlegt sé að hefja skipulagsvinnu sem fyrst.

Í bókun fulltrúa D-lista kemur fram að liðka þurfi til svo hægt verði að reka lágvöruverslun á Hellu enda allar forsendur fyrir hendi. Á nýju atvinnusvæði sunnan Suðurlandsvegars séu t.d. fjölmargar lóðir sem vel gætu hentað fyrir slíka starfsemi.

FÁÐU TILBOÐ Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska • Gæði • Áreiðanleiki

ÖKUKENNSLA Á SUÐURLANDI

897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR



KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

Tek að mér allskonar jarðvinnu. Er vanur vélamaður og er með 15 tonna beltavél í verkið. Laus í verkefni í sumar.

Upplýsingar
í síma 899 1764.



Áreiðanlegir pípulagningavertakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

BRAC AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrenn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

VIÐ ELSKUM STÍFLUR!

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsahreinsun

510-1180 / 669-8441

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



**Stíflubjónusta
Sævars** Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.